



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

ALÞINGI KIRKJUSTRÆTISHÚS FLUTNINGUR SKÚLAHÚSS

SKILAMAT

JÚNÍ 2012



EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAMAT	3
1.0 UNDIRBÚNINGUR	3
1.1 Lýsing verkefnis	3
1.2 Frumathugun.....	4
1.3 Áætlunargerð	4
1.4 Áætlun um stofnkostnað	4
1.5 Áætlun um rekstrarkostnað	4
1.6 Áætlun um fjármögnun.....	4
2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD	5
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar	5
2.2 Framvinda	6
2.3 Eftirlit og úttektir	8
3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR.....	9
3.1 Áfallinn kostnaður og innborganir.....	9
3.2 Heildarkostnaður.....	10
3.3 Samanburður við áætlun.....	11
3.4 Einingarkostnaður og stuðlar	12
4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR.....	13
4.1 Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir	13
4.2 Árangur framkvæmdarinnar	13
4.3 Heimildaskrá	13
4.4 Staðfesting skilamats	13

ALMENNT UM SKILAMAT

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra, og er þetta skilamat unnið eftir þeim reglum.

1.0 UNDIRBÚNINGUR

1.1 Lýsing verkefnis

Í þessu skilamati verður gerð grein fyrir framkvæmdum við flutning Skúlahúss sem unnið var að á árunum 2009 til 2011.

Um var að ræða flutning hússins að Vonarstræti 12, Skúlahúss, á lóðina að Kirkjustræti 4. Verkinu tilheyrði uppsteypa sökklá undir húsið á nýja staðlum og að fjarlægja fyrri kjallara auk ýmissar lagnavinnu og fleira á lóðinni. Áætlað er að í húsinu verði skrifstofur Alþingis.

Verkkaupi var Alþingi. Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón með verkefninu fyrir hönd verkkaupa á stigi frumathugunar, áætlunargerðar, verklegrar framkvæmdar og skilamats. Verkefnisstjóri FSR var Jón H. Ásbjörnsson og eftirlit með framkvæmdum hafði Jón H. Gestsson.

Saga og forsendur

Húsið að Vonarstræti 12 var byggt af Skúla Thoroddsen, alþingismanni og ritstjóra, eftir teikningum Rögnvalds Ólafssonar húsameistara. Í viðbyggingu bakvið húsið var prentsmiðja. Lengi var húsið íbúðarhús en eftir 1966 var það í eigu ríkissjóðs. Síðastliðna áratugi hafa verið skrifstofur þingmanna í húsinu.

Eftirfarandi kemur fram í fundargerð Húsafríðunarnefndar ríkisins frá fundi nefndarinnar 1. júní 2005 þar sem lagðar voru fram tillögur að skipulagi:

Húsið (Vonarstræti 12) hefur mikið listrænt gildi og töluvert menningarsögulegt gildi. Eftir að hús Oddfellowreglunnar var byggt austan við húsið árið 1931 er staða þess í umhverfinu snöggtum veikari en í öndverðu. Að öllu jöfnu leggst nefndin gegn flutningi húsa sem hafa varðveislugildi en vegna þess hve þrengt hefur verið að húsinu af seinni tíma byggingum getur Húsafríðunarnefnd fallist á að húsið verði flutt á horn Kirkjustrætis og Tjarnargötu. Nefndin telur að betur færi á því að húsið stæði fast upp við Kirkjustræti 8.



Skúlahús eftir flutning að Kirkjustræti 4.

Vonarstræti 12 kemur töluvert við sögu í bók Ármanns Jakobssonar, *Vonarstræti* (2008). Í kynningu á bókinni segir meðal annars eftirfarandi:

Snemma árs 1908 fóru Skúli og Theodóra Thoroddsen til Kaupmannahafnar til að taka þátt í samningum um framtíð Íslands í danska ríkinu. Um haustið fluttu þau frá Bessastöðum í Vonarstræti. Húsið stendur enn þótt flutningur þess sé á dagskrá í náinni framtíð, og bókinn er að hálfu skrifuð til að varpa ljósi á þá merkilegu sögu sem í húsinu býr og ber að varðveita. Vonarstræti er söguleg skáldsaga um miklar hugsjónir, mannlega veikleika og eina af fáum uppreisnum sem gerðar hafa verið á Íslandi. Þó að sagan gerist nákvæmlega öld áður en hún var rituð kallast hún á við samtímann þar sem hugtökin sjálfstæði og hugmyndafræði eru öllum að óvörum komin aftur á dagskrá í fyrsta sinn um langt skeið.

Um Kirkjustræti 8, Skjaldbreið, segir meðal annars á þessa leið í fundargerðinni: Húsið er byggt 1906 og var þar um árabil rekið veitingahús. Er í eigu ríkisjóðs frá 1967. Bæði listrænt og menningarsögulegt gildi hússins er takmarkað. Húsið hefur hins vegar umtalsvert gildi fyrir götumyndina.

1.2 Frumathugun

Frumathugunin grundvallast á skipulagi Alþingisreits sem miðast við að endurnýja eldri hús við Kirkjustræti og byggja í framtíðinni nýbyggingar við Tjarnargötu og við vestanvert Vonarstræti. Áherslan er nú á eldri húsin og er tilfærsla hússins þáttur í þeirri viðleitni að styrkja götumyndina við Kirkjustræti. Tillögur á stigi frumathugunar liggja fyrir um endurbætur og viðbyggingar á lóðunum við Kirkjustræti en kann að verða breytt áður en lengra er haldið. Eftir að fornnminjagreftri lauk á vestanverðum Alþingisreit var unnt að byggja kjallara við Kirkjustræti og flytja húsið eins og stefnt hafði verið að.

Skrifstofa Alþingis, fyrir hönd Alþingis, ákvað að láta ljúka frumathugun með takmörkuðu umfangi. Niðurstaða frumathugunarinnar var að húsið við Vonarstræti 12 yrði flutt á lóðina Kirkjustræti 4 og að byggja kjallara fyrir húsið fyrir flutninginn.

Fyrir fjármálaráðuneytið vann FSR umsögn um frumathugunina í apríl 2010 og veitti ráðuneytið heimild til áætlunargerðar.

1.3 Áætlunargerð

Fjármálaráðuneytið heimilaði, með bréfi dagsettu 28. janúar 2009, að hefja mætti áætlunargerð fyrir umrædda framkvæmd. Fyrir fjármálaráðu neytið vann FSR umsögn um áætlunargerð.

Hönnun

Við hönnunarverkefni á Alþingisreit hafa Batterið arkitektar ehf. annast arkitektahönnun og unnu þeir og einnig burðarþols- og lagna-hönnun en Mannvit hf. annast hönnun raflagna. Byggingarleyfi Byggingarfulltrúans í Reykjavík var veitt 16. mars 2010. Hönnunarstjóri og aðalhönnuður var Sigurður Einarsson arkitekt.

Ráðgjafar

Eftirtaldir ráðgjafar unnu við verkefnið:

Hönnuðir

Arkitekta- og verkfræðihönnun:

Batterið arkitektar.

- Mannvit, aðstoðarráðgjafi v. raflagna

1.4 Áætlun um stofnkostnað

Heildarkostnaðaráætlun FSR, í júní 2010, var eftirfarandi.

Heildarkostnaðaráætlun	m.kr.
Ráðgjöf	4,7
Verkframkvæmd	78,4
Umsjón og eftirlit	5,5
Gjöld og rekstur á framkv.tíma	3,7
Búnaður	0,8
Samtals	93,1

Allar fjárhæðir í töflunni eru með vsk. nema ráðgjöf, umsjón og eftirlit.

Heildarkostnaðaráætlun FSR, í apríl 2010, var 91.5 m.kr.


1.5 Áætlun um rekstrarkostnað

Ekki var gerð rekstraráætlun.



1.6 Áætlun um fjármögnun

Eftirfarandi fjárveitingar voru áætlaðar til verksins.

Fjármögnunaráætlun	m.kr.
Fjárlög 2010, fjárlagaliður 00-205	95,0
Samtals	95,0



Flutningur hússins innan Alþingisreits.


 Skýringarteikning vegna úrtaka fyrir bita.
Teikning Batteríð arkitektar.

 Skýringateikning vegna fyrirkomulags á bitum.
Teikning Batteríð arkitektar.

2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD

2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Fjármálaráðuneytið heimilaði, með bréfi dagsettu 10. júní 2010, að hefja verklegan hluta framkvæmdarinnar.

Boðin var út framkvæmdin Alþingisreitur - Kirkjustrætishús (Skrifstofur Alþingis). Í útboðsgögnum kemur fram eftirfarandi.

Um er að ræða byggingu kjallara á lóðinni nr. 4 við Kirkjustræti. Aðalhluta kjallara skal skila fókheldum, en tengiklefum veitna skal skila fullkláruðum. Grunnflötur kjallarans er um 234 ferm.

Húsið að Vonarstræti 12 (nefnt Skúlahús), ásamt viðbyggingu (sem nefnd er Prentsmiðja) skal losa af kjallara sem það stendur á og flytja á hinn nýja kjallara að Kirkjustræti 4 og ganga þannig frá því að unnt sé að taka það aftur í notkun.

Grunnflötur hússins er hinn sami og kjallarans, en Skúlahús er fjórar hæðir og Prentsmiðjan tvær hæðir. Heildarþyngd Skúlahúss, ásamt hífingarbúnaði sem þarf til að flytja húsið, er áætluð 70 – 80 tonn.

Fram kom í útboðsgögnum að rafverktaki Alþingis sæi um allt sem við kom raflagna- og tölvulagnavinnu í verkinu. Tekið var fram að framkvæmdasvæðið var innan lóðar Alþingis.

Tilboð voru opnuð 29. júní 2010.

Niðurstöður útboðsins eftir yfirferð tilboða voru eftirfarandi.

Niðurstöður útboðs	kr.	hlutfall
Spöng ehf.	74.747.000	86,38 %
Eykt ehf.	93.311.810	107,84 %
AR-verk ehf.	94.676.470	109,42 %
Hannes Jónsson ehf.	98.599.442	113,95%
Jáverk ehf.	99.732.467	115,26%
Spýtan ehf.	120.050.350	138,74%
Kostnaðaráætlun	86.529.280	100,0%

Framangreindar tilboðsfjárhæðir innihalda tilboð í áætlun aukaverk, sem ekki koma þó til greiðslu nema til þeirra komi á framkvæmdatímanum. Í samningi við verktaka eru auka-verkin því undanskilin í samningsfjárhæðinni.

Þann 19 júlí 2010 var tilboði Spangar ehf. að fjárhæð 74.747.000 kr. með vsk. tekið, sem var 86,38% af kostnaðaráætlun. Gerður var skriflegur samningur um verkið í framhaldi af því að fjárhæð kr. 71.837.000.

Vegna miklis flækjustigs og óvissu um legu lágspennu- og smáspennulagna var ekki talin önnur leið fær en semja á föstu verðlagi við þjónustuaðila þessara lagna í húsinu um að aftengja þessar lagnir fyrir flutning sem og að endurleggja þær þegar húsið væri komið á nýjan stað. Þann 24. júní 2010 var samið við Rafpekkingu ehf um verkefnið. Gerður var skriflegur samningur, á grundvelli tilboðs, að upphæð kr. 7.572.947.



Bárujám fjarlægt af húsinu.

2.2 Framvinda

Verktaki hóf framkvæmdir í júlí 2010 á því að hefja gröft fyrir sökklum. Þá var unnið við aftengingu vatns og frárennslis Skúlahúss. Í ágúst var fyllt í lóð og vinna við sökkla og kjallara hófst. Þá var samhliða unnið að rífi og aftengingu allra lagnakerfa í kjallara Skúlahúss, vesturgafli Skúlahúss rifinn og unnið að styrkingum á húsinu.



Stífingar inni til styrkingar fyrir flutning hússins.



Stálbitar undir gólf fyrir flutning.

Í ágúst, september, október og nóvember var unnið við sökkul og kjallaraveggi að Kirkjustræti 4, undirbúningi flutnings Skúlahúss með því að koma fyrir stálbitum undir húsi og fyllingum á lóð þannig að kranar og flutnings-tæki gætu athafnað sig með góðu móti.



Sökkjar uppsteyptir, komið fyrir fyllingu.


Mikið var lagt upp úr að fyllingar væru vel þjappaðar og reynt að gera allt sem best úr garði þannig að flutningur hússins gengi vel fyrir sig.



Undirbúinn flutningur viðbyggingar.

Þann 22. nóvember 2010 var bakhúsinu, sem er einnar hæðar, lyft og flutt til hliðar.

Föstudaginn 3. desember 2010 voru komnir kranar á staðinn til að flytja aðalhúsið. Reyndist það þyngra en áætlað var, eða um 120 tonn, og þurfti að styrkja hífingarbúnaðinn.



Gengið frá utan á sökkjum.



Ákveðið var að nota tvo krana við flutninginn.



Lagnastokkur í húsgrunni.

Sennilega er um að ræða stærsta hús sem flutt hefur verið hérlendis og er krefjandi verkefni þótt vegalengdin sé ekki mikil. Á laugardegnum var húsið komið vel áleiðis og var komið á nýja kjallarann sunnudaginn 13. desember klukkan 13.30. Aðeins lítisháttar skemmdir, svo sem á þakrennum, urðu við flutninginn eins og búast má við og þótti takast vel til með flutninginn.



Húsið sett á nýja sökkl.

Magnbreytingar, aukaverk og viðbótarverk

Magnaukningar voru samtals 10,1 m.kr. eða 12,9% sem telst fremur hátt. Helstu magnaukningar stöfuðu af auknum kostnaði við flutning hússins vegna aukinnar þyngdar þess miðað við áætlun. Ennfremur varð talsverð magnaukning vegna aukningar hæðar á stálþilum, svo og vinnu við smáspennu og raflagnir.

Aukaverk voru samtals 12,8 m.kr. eða 16,3% sem telst fremur hátt. Helstu aukaverk stöfuðu af auknum kostnaði við flutning hússins vegna aukinnar þyngdar þess. Ennfremur kom til aukaverka vegna smáspennulagna og raflagna, það er við að fjarlægja þær og tengja þær að nýju.

Viðbótarverk voru samtals 1,8 m.kr. eða 2,3% sem telst lágt.

Í reikningslegu uppgjöri, töflu 3.2, eru frávikin sýnd með fleiri aukastöfum og í töflu 3.4 eru stuðlar sem sýna hlutföll frávikanna ásamt skilgreiningum hugtaka.



Húsið við Kirkjustræti 4.

2.3 Eftirlit og úttektir

Eftirlit með framkvæmdunum fyrir hönd Framkvæmdasýslunnar hafði Jón Heiðar Gestsson verkfræðingur, starfsmaður FSR.

Að mati eftirlitsaðila FSR tókst verkið vel þegar upp var staðið og var góð samvinna milli allra aðila sem að framkvæmdinni komu, Alþingi, Framkvæmdasýsla ríkisins, Batteríið arkitektar ásamt meðhönnuðum og síðast en ekki síst Spöng ehf. sem lagði mikinn metnað í verkið.

Um var að ræða allnokkuð flókna framkvæmd, meðal annars voru aðstæður erfiðar, þröngt vinnusvæði og erfitt að koma að stórum tækjum til að flytja húsið. Það sem afmarkaði athafnasvæðið var útgrafið fornleifasvæði í vestri, hundruð þúsunda símalína og aðrar lagnir við norður og vesturhlíð og bílakjallari austan við athafnasvæðið. Einnig voru viðkvæmar fornleifar innan í kjallaranum og skammt utan við hann sem tryggja varð að ekki yrðu fyrir skemmdum.

Allur undirbúningur á verkstað heppnaðist vel þ.e. ekki urðu skemmdir á símalinum, stórum hitaveitu- og kaldvatnsstofnum sem lágu við graftrarmörkin né fornleifum eða öðru. Eins og áður var nefnt var húsið þyngra en áætlað og þurfti að bæta við þriðja kananum í verkið og talsverð röskun varð á allri framkvæmdinni sem á endanum heppnaðist. Ekki verður þó annað sagt en að talsverð vonbrigði urðu þegar húsið reyndist verulega þyngra en áætlað hafði verið í útboðsgögnum. Með snarræði tókst þó að bjarga því að nokkuð færi úrskaiðis þó af þessu hlytist nokkur aukakostnaður.

Verklókaúttekt fór fram 7. mars 2011.

3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR

3.1 Áfallinn kostnaður og innborganir

Yfirlit áfallins kostnaðar og innborgana

Áfallinn kostnaður			Innborganir til FSR
Ár	Á verðlagi hvers árs kr.	Miðað við BVT 1.7.1987 (100) kr.	Greiðslur ráðun. á verðlagi hvers árs kr.
2010	89.784.057	17.356.284	89.784.057
2011	33.670.915	6.200.905	33.345.725
2012	171.330	30.174	496.520
Samtals	123.626.302	23.587.363	123.626.302
Innborganir til FSR samtals			123.626.302

Í töflu 3.1 er yfirlit yfir áfallinn kostnað og innborganir sundurliðað eftir árum. Áfallinn kostnaður er annars vegar eftir verðlagi hvers árs og hins vegar eftir byggingarvísitölu 100. Gerð er grein fyrir innborgunum á verðlagi hvers árs.

3.2 Heildarkostnaður

Sundurliðun kostnaðar	kr.	samtals kr.
Samningsverk		
Ráðgjöf		
Hönnun	6.775.466	
Ráðgjöf önnur en hönnun	186.390	
Kostnaður tengdur ráðgjöf	88.213	
Kostnaður samtals		7.050.069
Umsjón og eftirlit		
Umsjón með verkefni	5.713.419	
Eftirlit með verklegri framkvæmd	6.502.800	
Kostnaður samtals		12.216.219
Verkframkvæmd		
Samningsgreiðslur	78.484.251	
Magnbreytingar	10.110.156	
Aukaverk	12.820.696	
Verðbætur	0	
Kostnaður samtals		101.415.103
Gjöld og rekstur á framkvæmdatíma		
Opinber gjöld	1.109.758	
Rekstur á framkvæmdatíma	0	
Kostnaður samtals		1.109.758
Búnaður og listskreyting		
Búnaður	0	
Listskreyting	0	
Kostnaður samtals		0
Samningsverk samtals		121.791.149
Viðbótarverk		
Verkframkvæmd	1.835.153	
Búnaður	0	
Viðbótarverk samtals		1.835.153
Heildarkostnaður		
Heildarkostnaður við flutning Skúlahúss		123.626.302
Heildarkostnaður í m.kr.		123,6

Í töflu 3.2 er heildarkostnaður sundurliðaður eftir kostnaðartegundum. Kostnaður við verkframkvæmd er samantlagðar samningsgreiðslur, magnbreytingar, aukaverk og verðbætur en viðbótarverk eru tilgreind sérstaklega.

3.3 Samanburður við áætlun

Samanburður á áætluðum kostnaði og raunkostnaði

	Raunkostnaður á verðlagi hvers árs m.kr.	Áætlun á verðlagi bvt. 510,1 m.kr.	Raunkostnaður á verðlagi bvt. 510,1 m.kr.	Hlutfallslegur mismunur %
Samningsverk				
Ráðgjöf	7,1	4,7	6,9	48%
Umsjón og eftirlit	12,2	5,5	11,9	116%
Verkframkvæmd	101,4	78,4	98,7	26%
Gjöld og rekstur á framkv.tíma	1,1	3,7	1,1	-70%
Búnaður og listskreyting	0,0	0,8	0,0	-100%
Samningsverk samtals	121,8	93,1	118,6	27%
Viðbótarverk				
Verkframkvæmd	1,8	2,0	1,7	
Búnaður	0,0		0,0	
Viðbótarverk samtals	1,8		1,7	
Heildarkostnaður í m.kr.	123,6		120,3	

Í töflu 3.3 er raunkostnaður sýndur á verðlagi hvers árs og einnig á þeirri vísitölu sem áætlaður kostnaður var settur fram, þannig að samanburður sé gerður á sama verðlagi. Viðbótarverk eru tilgreind neðst í töflunni því um er að ræða kostnað sem ekki var tekinn með í áætluninni og því ekki hluti þess sem tekið er til samanburðar.

3.4 Einingarkostnaður og stuðlar

Þar sem um er að ræða samsett verk þar sem flutningur húss var umtalsverður hluti verk og aðrir óvenjulegir þættir, er um að ræða verk þar sem einingarverð sem gæfi samanburðarmöguleika við önnur verk. Er því tölu einingarkostnarð sleppt í þessu skilamati.

Stuðlar	
Magntölustuðull	1,129
Aukaverkastuðull	1,163
Viðbótarverkastuðull	1,023

Hugtakaskýringar vegna stuðla

Magntölustuðull er mælikvarði á nákvæmni magntalna í útboðsgögnum. Þessi stuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli kostnaðar vegna magnbreytinga og samningsfjárhæðar, að viðbættum 1, þ.e. $MS = 1 + \text{kostnaður vegna magnbreytinga} / \text{samningsfjárhæð}$.

Stuðullinn verður því einn ef engar magnbreytingar eiga sér stað, hann verður stærrí en 1 ef magn eykst við framkvæmd verksins og minni en 1 ef magnminnkun verður.

Aukaverkastuðull er mælikvarði á nákvæmni eða gæði útboðsgagna en aukaverk eru skilgreind sem sá aukakostnaður sem verður til í hverju verki vegna ónákvæmni eða mistaka í útboðsgögnum. Þessi stuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli kostnaðar vegna aukaverka og samningsfjárhæðar, að viðbættum 1, þ.e. $AS = 1 + \text{kostnaður vegna aukaverka} / \text{samningsfjárhæð}$.

Stuðullinn verður því einn ef engin aukaverk eru framkvæmd og hann verður stærrí en 1 ef stofnað er til aukaverka við framkvæmd verksins. Þessi stuðull verður aldrei minni en 1.

Viðbótarverkastuðull er mælikvarði á gæði undirbúnings verksins en viðbótarverk eru skilgreind sem sá viðbótarkostnaður sem til verður í hverju verki vegna ákvarðana verkkaupa um breytingar (viðbætur) á verkinu á framkvæmdatíma. Þessi stuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli kostnaðar vegna viðbótarverka og samningsfjárhæðar, að viðbættum 1, þ.e.

$VS = 1 + \text{kostnaður vegna viðbótarverka} / \text{samningsfjárhæð}$

Stuðullinn verður því einn ef engin viðbótarverk eru framkvæmd og hann verður stærrí en 1 ef stofnað er til viðbótarverka við framkvæmd verksins. Þessi stuðull getur orðið minni en einn ef verkkaupi tekur ákvörðun um að breyta verki til kostnaðarlækkunar, t.d. með því að gera minni kröfur til fyrirskrifaðs efnis eða útfærslu.

4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR

4.1 Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir

Við samanburð á kostnaði við mismunandi framkvæmdir á ólíkum tímum er algengt að bera saman kostnað á stærðareiningu. Sá samanburður segir til um hagkvæmni í hönnun og framkvæmd þegar bornar eru saman álíka stórar byggingar til sömu eða svipaðra nota. Almenn tækni kostnaður á stærðareiningu eftir því sem framkvæmd er stærri og þó einkum með stækkandi rýmum í byggingum.

Um var að ræða uppsteypu á grunni húss og flutning húss og ýmsa þætti þannig að samsetning verksins var óvenjuleg. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hliðstæðar framkvæmdir.

4.2 Árangur framkvæmdarinnar

Eins og fram kemur í töflu 3.2 var heildarkostnaður 123,6 m.kr. á verðlagi hvers árs.

Í töflu 3.3. kemur fram að áætlað var að verkið kostaði samtals 93,1 m.kr. og raunkostnaður samningsverksins á sama verðlagi var 118,6 það er 27% hærrí.

Í töflu 3.4 eru stuðlar sem greina hlutfallslegan kostnað og kemur þar fram að magnaukning í verkinu var 12,9%, aukaverk voru 16,3% en viðbótarverk 2,3%.

Magnaukning og aukaverk teljast fremur há en í framkvæmd sem þessari má búast við þessari óvissu. Með tilliti til skýringa sem fram koma í kafla 2.2 telst fjárhagslegur árangur út frá fyrirnefndum athugunum góður.

Eins og lýst er í kafla 2.3 einkenndi verkið að mati eftirlitsaðila góð samvinna allra sem að því komu, Alþingi sem verkkaupa, Framkvæmdasýslu ríkisins sem umsjónaraðila, aðalhönnuða sem voru Batteríð arkitektar, meðhönnuðum þeirra og síðast en ekki síst verktakanum, Spöng ehf., sem lagði mikinn metnað í verkið.



Um var að ræða nokkuð flókna framkvæmd, meðal annars vegna takmarkaðs athafnarýmis fyrir stórar vinnuvélar til að flytja húsið, einnig vegna viðkvæmra fornleifa sem taka þurfti tillit til og kraðaks lagna í lóðinni. Vel tókst að forðast skemmdir sem hætta var á að yrðu og sjálfur flutningurinn gekk vel, utan þess að húsið var verulega þyngra en ráðgjafar höfðu áætlað og þurfti því meirri viðbúnað, en flutningurinn heppnaðist vel. Í heild er metið að árangur framkvæmdarinnar hafi verið góður.

4.3 Heimildaskrá

Stuðst var við eftirfarandi heimildir:

Lög og reglugerð

Lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001. Reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda nr. 715/2001.

Reglur

Reglur um fyrirkomulag skilamats útgefnar af Framkvæmdasýslu ríkisins og staðfestar af fjármálaráðuneyti 21. sept. 2001.

Framkvæmdasýsla ríkisins

Bókhaldsgögn og verkmöppur.

Annað

Teikningar hönnuða.

4.4 Staðfesting skilamats

Undirritaður staðfestir hér með framanritað skilamat fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Óskar Valdimarsson, forstjóri